



# GÆLUR 2023

Æfing 12. desember 2023



## Efnisyfirlit

Samantekt .....	2
1. Tilgangur og markmið .....	3
2. Undirbúningur og framkvæmd.....	3
3. Mat þátttakenda og úrbótatillögur.....	4
Úrlausn viðfangsefnis .....	4
Fyrirkomulag æfingar.....	5
4. Eftirfylgni.....	6
Æfingar.....	6
Viðbragðsáætlun .....	6
Viðauki I – Gögn sem send voru þátttakendum fyrir fram .....	7
Viðauki II – Fundargerð æfingar .....	11
Viðauki III - Endurmatseyðublað .....	17

## Samantekt

Viðbragðsæfingin GÆLUR 2023 var haldin þriðjudaginn 12. desember 2023 kl. 9:00–12:00 á Teams. Tilgangur æfingarinnar var að auka þekkingu og skilning þátttakenda á gildandi verklagi, varpa ljósi á veikleika í því og koma auga á tækifæri til úrbóta. Meðal markmiða var að skýra hlutverk þeirra sem koma að viðbrögðum og rannsóknum á sjúkdómum í gæludýrum þannig að samskipti gangi vel fyrir sig þegar á reynir. Jafnframt var miðað að því að æfingin myndi draga fram atriði sem þarf að bæta í gildandi verklagi og viðbragðsáætlunum. Þátttakendur í æfingunni voru héraðsdýralæknar, sérgreinadýralæknar, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsmenn, yfirdýralæknir og dýralæknar á Keldum. Nokkrum dögum fyrir æfinguna fengu þátttakendur sendar upplýsingar um fyrirkomulag æfingarinnar og þær sviðsmyndir sem fyrirhugað var að taka fyrir, sjá [viðauka I](#).

Í upphafi æfingarinnar var gengið út frá því að dýralæknir hafi haft samband við sérgreinadýralækni gæludýra hjá MAST og lýst fyrir henni sjúkdómseinkennum í hundi sem komið hafði verið með til hennar. Fyrsta skrefið í æfingunni var að sérgreinadýralæknir kallaði saman VIÐ-teymi MAST samkvæmt viðbragðsáætlun. VIÐ-teymið ákvað hverja það þyrfti að kalla til og voru þeir þátttakendur í æfingunni sem það átti við virkjaðir, aðrir voru áheyrendur þangað til komið var að almennum umræðum í dagskránni. Sérgreinadýralæknir gæludýra gerði teyminu grein fyrir þeim upplýsingum sem liggja fyrir, hvaða sóttvarnaráðstafanir hafi verið gefin fyrirum um og hverjum hafi verið tilkynnt um málið. Í kjölfarið var rætt um hvort nánari sóttvarnaráðstafanir þurfi að gera og hvort tilkynna þurfi fleirum um málið. Jafnframt var rætt um mögulegar sjúkdómsgreiningar, hvaða rannsóknir þurfi að gera og hvort Keldur geti gert þær eða hvort leita þurfi til annarrar rannsóknarstofu. Farið var yfir hvaða búnað þurfi fyrir sýnatökur, hvort hann sé til í umdæminu og hvar sé hægt að fá búnað sem vantar. Fjallað var um öflun faraldsfræðilegra upplýsinga, hver ættu að gera það og hvort til séu gátlistar fyrir það. Að lokum var rætt um krufningu og hvað gera eigi við hræin. Í [viðauka II](#) má sjá nánari umfjöllun um hvern lið.

Í umræðum kom fram að í upphafi væri æskilegt að leggja mat á alvarleika tilfellisins, þ.e.a.s. staðsetja það í áhættuflokk. Jafnframt komu fram ábendingar um að mikilvægt væri að kalla sem flesta að borði strax í upphafi, m.a. þá sérgreinadýralækna sem málið varðar og dýralækna þeirra dýra sem í hlut eiga. Einnig var talað um að taka þurfi sýni fljótt og nýta niðurstöður þeirra rannsókna sem þegar hafa verið gerðar.

Eftir æfinguna var kallað eftir mati þátttakenda, annars vegar á úrlausn viðfangsefnisins og hins vegar um fyrirkomulag æfingarinnar. Flestum fannst ágætlega hafi tekist til við vinnslu málsins, en stjórnun hefði mátt vera ákveðnari og óljóst hefði verið á köflum hvar málið væri stöð. Öllum fannst þau hafa lært eitthvað af æfingunni en nefnt var að hún hefði mátt vera skilvirkari. Samræmi í viðbragðsáætlunum MAST og Keldna var talið nokkuð gott en samstarf og samskipti þyrfti að slípa. Þátttakendur voru flestir ánægðir með fyrirkomulag æfingarinnar, en úrvinnsla og umræður hefðu mátt vera hnitmiðaðri og að ljóst þyrfti að vera á hverjum tíma hverjir væru virkir þátttakendur og hverjir áheyrendur. Nánar má lesa um mat og úrbótatillögur þátttakenda í [3. kafla](#).

Í [4. kafla](#) þessarar skýrslu kemur fram hvaða atriði VÁ-teymið mun hafa í huga við uppfærslu á viðbragðsáætlun og skipulagningu næstu æfinga í ljósi reynslu af þessari æfingu og ábendingum þátttakenda.

## 1. Tilgangur og markmið

Tilgangur þessarar æfingar var að auka þekkingu og skilning þátttakenda á gildandi verklagi, varpa ljósi á veikleika í því og koma auga á tækifæri til úrbóta.

Þau markmið sem ætlunin var að ná með æfingunni eru eftirfarandi: 1. Að eftir æfinguna hafi þátttakendur betri þekkingu og skilning á ferli viðbragða við grun eða greiningu á smitandi sjúkdómi í gæludýrum en áður. 2. Að eftir æfinguna muni samskipti þeirra sem koma að viðbrögðum og rannsóknum á sjúkdómum í gæludýrum ganga betur fyrir sig en áður. 3. Að hlutverk hvers aðila sé skýrara. 4. Að á æfingunni komi fram tillögur að endurbótum á gildandi verklagi um viðbrögð við sjúkdómum í gæludýrum.

## 2. Undirbúningur og framkvæmd

VÁ-teymi MAST hafði umsjón með undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar, ásamt sérgreinadýralækni gæludýra Þóru Jóhönnu Jónasdóttur. Í VÁ-teyminu eru: Auður Lilja Arnþórsdóttir, Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, Thelma Dögg Róbertsdóttir og Þórður Pálsson. Thelma Dögg sá um kynningu og stjórnun æfingarinnar, Sigurbjörg Ólöf og Þórður voru ritarar.

Boð var sent til þátttakenda 6. nóvember þar sem sagt var frá efni æfingarinnar og þau beðin um að taka tímann frá. Áminning var send 4. desember. Gögn fyrir æfinguna voru send þátttakendum 6. desember, sjá [viðauka 1](#).

Þátttakendur í æfingunni, að meðtöldum meðlimum VÁ-teymisins voru héraðsdýralæknar (4), sérgreinadýralæknar (6), yfirdýralæknir (1), eftirlitsdýralæknar (3), dýraeftirlitsmenn (2) og dýralæknar á Keldum (5).

Í upphafi æfingarinnar var gengið út frá því að dýralæknir hafi haft samband við sérgreinadýralækni gæludýra hjá MAST og lýst fyrir henni sjúkdómseinkennum í hundi sem komið hafði verið með til hennar. Fyrsta skrefið í æfingunni var að sérgreinadýralæknir kallaði saman VIÐ-teymi MAST samkvæmt viðbragðsáætlun. VIÐ-teymið ákvað hverja það þyrfti að kalla til og voru þeir þátttakendur í æfingunni sem það átti við virkjaðir, aðrir voru áheyrendur þangað til komið var að almennum umræðum í dagskránni. VIÐ-teymið ræddi saman í 45 mínútur og síðan voru almennar umræður í 15 mínútur. Síðan var hlé og eftir það hélt VIÐ-teymið áfram að ræða saman í klukkutíma. Að lokum voru almennar umræður, samantekt ritara og lokaorð stjórnanda.

Helstu atriði sem VIÐ-teymið fjallaði um:

Í upphafi æfingarinnar ræddi VIÐ-teymi MAST um hverja það þyrfti að kalla til starfa með teyminu strax í upphafi, teymið skipti með sér verkum varðandi praktíska þætti, svo sem stjórnun funda, stofnun máls í málakerfi, ritun fundargerða o.fl. Þegar viðbragðsdýralæknir Keldna var kominn til liðs við teymið var rætt um mismunagreiningar, hvaða sýni þarf að taka, hvaða rannsóknir þarf að gera, hvaða rannsóknir er hægt að gera á Keldum, hvaða rannsóknir þarf að gera erlendis og hvað taki langan tíma að fá niðurstöður. Rætt var um hvaða sóttvarnaráðstafanir er búið að fyrirskipa og hvaða ráðstöfunum þarf að bæta við, bæði fyrir dýr og fólk, hverjum þarf að tilkynna um gruninn, hvenær og hvernig. Rætt var um öflun faraldsfræðilegra upplýsinga, hver geri hvað og hvernig. Rætt var um

hvað skuli gera við hræ og hvernig þeim skuli eytt. Rætt var um hverjir ættu að taka sýni, hvaða sýnatökubúnað þarf og hvort hann sé til í umdæminu og ef ekki þá hvar sé hægt að nálgast hann. Rætt var um hvernig ganga skuli frá sýnum til flutnings. Rætt var um mat á alvarleika og hversu hratt þurfi að bregðast við.

Helstu atriði sem fram komu í almennum umræðum:

Bent var á að æskilegt væri að hafa dýralækni hundanna með á VIÐ-teymisfundum frá upphafi og jafnframt hefði átt að boða sérgreinadýralækni hrossa og sérgreinadýralækni súna strax á fund teymisins. Vinnu við öflun nauðsynlegustu faraldsfræðilegu upplýsinga ætti að setja af stað strax. Tillögur komu fram um hvaða viðbótarupplýsinga þyrfti að afla. Sóttvarnaráðstafanir ættu til að byrja með að vera meiri en minni. Setja ætti sýnatöku af stað svo fljótt sem kostur er og fá aðstoð dýralæknis hundanna við það.

Nákvæmari greinargerð um umræður má sjá í fundargerð æfingarinnar sem er í [viðauka II](#).

### 3. Mat þátttakenda og úrbótatillögur

Þátttakendur voru spurðir út í framkvæmd æfingarinnar og einnig uppsetningu. Eftirfarandi kom fram í svörum frá þátttakendum og áheyrendum:

#### Úrlausn viðfangsefnis

Spurt var hvernig úrlausn viðfangsefnisins hefði gengið og óskað var eftir tillögu að úrbótum. Flestum fannst úrlausn ganga ágætlega eða vel. Nefnt var að umræður hefði verið frekar langdregnar og ekki alltaf ljóst hvar við værum stödd í ferlinu. Auk þess kom fram að það hefði verið aðeins kaos í stjórnun. Einnig kom fram að starfsmenn Keldna virtust ekki vera alveg viss hvar starfsmenn Matvælastofnunar væru stödd í ferlinu í sinni viðbragðsáætlun. Einnig kom fram að misskilnings hefði gætt meðal þátttakenda um að niðurstöður rannsókna hefðu þurft að liggja fyrir til að hægt væri að halda áfram með æfinguna. Nefnt var einnig að æfingin hefði verið of bókleg og hefði þurft að horfa betur á praktísku hliðina.

Öllum fannst þeir hafa lært eitthvað af æfingunni en nefnt var að þetta hefði mátt vera aðeins skilvirkara og að betra hefði verið að hafa tilbúin svör við niðurstöðum sýna og fengin ímynduð lausn á málinu. Nokkrir nefndu að það væri gott að æfa svona til að vera frekar undirbúin þegar til kastanna kemur og að það kæmu alltaf upp atriði sem gleymast og því þarf að hafa svona æfingar reglulega.

Spurt var hvernig þátttakendum fannst að vinna eftir viðbragðsáætlun Matvælastofnunar. Nefnt var að áður en komið er að punkti 6.4 (hafa samband við Keldur) að þá væri búið að setja af stað mikla vinnu hjá Matvælastofnun og mikilvægt væri að hafa samband við Keldur snemma í ferlinu svo dýralæknarnir þar geti hafið sína vinnu. Einnig var nefnt að það væri ekki nógu skýrt í ferlinu hvaða tengiliður væri útnefndur fyrir hönd Matvælastofnunar, sem Keldur ættu að beina sínum samskiptum til. Önnur svör voru á þá leið að það væri einfalt og skýrt að vinna eftir viðbragðsáætluninni, allt í lagi, fínt og að þeim litist vel á viðbragðsáætlunina. Spurt var einnig hvort þátttakendum fyndist samræmi á milli viðbragðsáætlunar Keldna og Matvælastofnunar. Flestum fannst samræmi nokkuð gott og einhverjir höfðu ekki myndað sér skoðun á því.

Síðast var beðið um tillögur að úrbótum fyrir næstu æfingu. Það sem fram kom þar var að það þyrfti að hafa betri stjórn á umræðum og að æfingin mætti vera hnitmiðaðri svo hægt væri að komast yfir fleiri tilfelli. Nefnt var einnig að við ættum að halda áfram á þessari braut og taka reglulega æfingar með breytilegum verkefnum og það væri ágætt að taka fleiri hnitmiðaðar æfingar með fókus á eitt tilfelli í einu. Einn nefndi að við ættum að byrja að spyrja okkur hvernig þetta gæti klúðrast og byrja á að koma í veg fyrir það. Annar nefndi að það væri gaman að taka allt ferlið t.d. ef hundainflúensa hefði greinst, hver væru þá næstu skref. Nefnt var að það væri mikilvægt að viðeigandi aðilar væru kallaðir inn á fund VIÐ-teymis snemma í ferlinu (praktísierandi dýralæknir og aðrir sérgreinadýralæknar). Heppilegt hefði líka verið að tiltaka hverjir væri viðstaddir fund í hvert sinn og að aðrir ættu að halda sig til hlés á meðan. Hugsanlega væri hægt að gera æfinguna næst skref fyrir skref eins og lýst er í viðbragðsáætlun beggja stofnana.

## Fyrirkomulag æfingar

Spurt var hvort þátttakendum fyndist tilgangur og markmið æfingarinnar vera skýr og hvort viðfangsefni æfingarinnar væru raunhæf. Allir svöruðu þessu játandi. Þátttakendur voru spurðir hvort tímalengd æfingarinnar hefði verið hæfileg. Flestum fannst tímalengd æfingarinnar vera hæfileg. Þeir sem svöruðu neitandi nefndu að það þyrfti að minnka spjall um smáatriði og tekið var dæmi um útfyllingu rannsóknarbeiðni fyrir Keldur. Tveimur fannst tími of knappur og að það hefði verið gaman að fara í gegnum hin tilföllin. Einnig var nefnt að ef um raunverulegt tilfelli væri að ræða mætti ekki nota svona langan tíma áður en aðgerðir myndu hefjast og að það hefði verið æskilegra að komast yfir að æfa viðbrögð við hinum tilfellunum frekar en að hlusta á fundargerð lesna upp. Einnig var nefnt að það hafi farið óþarflega langur tími í lokin að heyra sjónarmið umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar.

Spurt var um hvað þátttakendum fyndist um að hafa áheyrendur á æfingunni sem hefði takmarkað tækifæri til að tjá sig. Svarað var að fjöldi þátttakenda gat verið ruglandi þar sem erfitt var að átta sig á hvernig slíkur fundur færi fram í raunveruleikanum og að þeir sem væru ekki beint hluti af æfingunni hefðu átt að vera þöglir allan tímann með slökkt á myndavélinni og gætu komið sínum skoðunum á framfæri á endurmatsblöðunum. Nefnt var að skipulag hefði mátt vera betra svo æfingin drægist ekki á langinn og að það hafi verið fínt að vera áheyrandi ef umræðum væri stjórnað betur ef þær eru að fara fram úr hófi. Einnig var nefnt að það væri lærdómsríkt að hlusta á þó maður taki ekki þátt og að maður sæi þá oft enn betur heildarmyndina og að það væri gott að hafa áheyrendur til að fá meira „feedback“ á æfinguna. Einum áheyrenda fannst áhugavert að vera með en kannski ekki neinn sérstakur tilgangur að hafa eftirlitsdýralækna með þar sem að þeir hefðu ekki tekið þátt og tækju engar ákvarðanir í slíkum málum.

Spurt var hvað þátttakendur myndu vilja æfa næst. Það sem fram kom þar var:

- Allt ferlið í þessari æfingu, með niðurstöðum
- Hin tilföllin í þessari æfingu
- Einföldun boðleiða
- Afrísk svínapest
- Hundar sem kæmu til landsins ólöglega, hvaða smit þeir hefðu geta borið með sér, hvaða sýni þarf að taka o.s.frv. og hafa inn- og útflutningsdeild með

Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri var að það væri mikilvægt að upplýsa samstarfsaðila (þ.m.t. Keldur) sem ekki eru í teyminu um framvindu mála jafnóðum og ekki síst upplýsingar um samantekt máls þegar því er lokið. Þakkað var fyrir flotta æfingu og nefnt að það væri alltaf gott að hafa svona æfingar.

## 4. Eftirfylgni

### Æfingar

Atriði sem VÁ-teymið hefur í huga við skipulagningu á æfingum í framtíðinni:

- Styrk stjórn. Stjórnandi æfingar veiti þátttakendum aðhald til að tryggja að tíminn sé vel nýttur, að sem flest atriði séu tekin fyrir og að umræður séu hnitmiðaðar.
- Hafa tímahopp í sama tilfelli, þ.e.a.s. að ekki séu bara æfð fyrstu viðbrögð heldur líka viðbrögð eftir að niðurstöður liggja fyrir. Annar kostur er að hafa fleiri tilfelli og æfa þá aðra hluta í viðbrögðum með því að gefið sé upp hvað hafi verið gert og hverjar niðurstöður greininga eru.
- Að áheyrendur hafi slökkt á myndavél svo skýrara sé hvaða þátttakendur eru virkir.
- Velja þátttakendur miðað við eðli æfingarinnar, þ.e.a.s. að ekki sé starfsfólk á æfingunni sem viðfangsefnið á ekki við.

### Viðbragðsáætlun

VÁ-teymið uppfærir viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:

- Tryggja að allir sem hlut eiga að málinu, bæði innan og utan MAST, séu upplýstir um framgang málsins, niðurstöður og ákvarðanatöku.
- Tryggja að strax í upphafi viðbragða séu allir kallaðir til liðs við VIÐ-teymið, sem mögulega geta lagt til þekkingu og vinnu við að draga úr hættu á smitdreifingu, taka sýni, rannsaka sýni, safna og vinna úr faraldsfræðilegum upplýsingum o.s.frv.

## Viðauki I – Gögn sem send voru þátttakendum fyrir fram

### Tími og staðsetning

Þriðjudagur 12. desember 2023 kl. 9:00-12:00

Teams

Skipuleggjendur

VÁ-teymi MAST ásamt sérgreinadýralækni gæludýra

### Stjórnun

Stjórnandi æfingar: Thelma Dögg Róbertsdóttir

Ritarar æfingar: Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir og Þórður Pálsson



### Þátttakendur

MAST: Sérgreinadýralæknar, yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsfólk.

Keldur: Dýralæknar.

### Tilgangur æfingarinnar

Auka þekkingu og skilning þátttakenda á gildandi verklagi, varpa ljósi á veikleika í því og koma auga á tækifæri til úrbóta.

### Markmið æfingarinnar

Eftir æfinguna hafa þátttakendur betri þekkingu og skilning á ferli viðbragða við grun eða greiningu á smitandi sjúkdómi í gæludýrum en áður.

Eftir æfinguna munu samskipti milli þeirra sem koma að viðbrögðum og rannsóknum á sjúkdómum í gæludýrum ganga betur fyrir sig en áður. Hlutverk hvers aðila er skýrara.

Á æfingunni koma fram tillögur að endurbótum á gildandi verklagi um viðbrögð við sjúkdómum í gæludýrum.



## Framkvæmd

Um er að ræða borðæfingu sem fer fram á Teams.

Unnið er á grundvelli viðbragðsáætlunar MAST vegna alvarlegra dýrasjúkdóma (<https://www.mast.is/is/dyraeigendur/dyr-i-neyd/vidbrogd-vid-dyrasjukdomum>) og Viðbragðsáætlunar Keldna vegna gruns um alvarlegan dýrasjúkdóm (sjá viðhengi).

Æfingin byggist á því að þátttakendur velta fyrir sér og ákveða hvernig rétt sé að bregðast við grun um smitsjúkdóm út frá gefnu dæmi. Þátttakendur eru virkjaðir til þátttöku í umræðum eftir því sem æfingunni vindur fram. Þau sem ekki hafa verið virkjuð eru áheyrndur þangað til þau „fá boð á fund“ eða „hringt er“ í þau.

Ekki er á nokkurn hátt verið að prófa þekkingu þátttakenda, heldur er markmiðið að auka þekkingu og skilning, fá fram sjónarmið og tillögur að endurbótum á gildandi viðbragðsáætlun og stuðningsskjöllum.

Þátttakendur fá fyrir fram lýsingu á viðfangsefninu og lista yfir umræðupunkta. Þau eru hvött til að kynna sér vel gildandi viðbragðsáætlun og stuðningsskjöl, og undirbúa sig fyrir umræður um þau atriði sem fyrirhugað er að fjalla um.

## Endurmat

Þátttakendur fá eyðublöð til útfyllingar eftir æfinguna þar sem óskað er eftir upplýsingum sem geta hjálpað til við að leggja mat á hvort markmið æfingarinnar hafi náðst. Þátttakendum gefst einnig tækifæri til að skrifa á eyðublöðin hugleiðingar, tillögur og annað sem þau vilja leggja áherslu á eða finnst þau ekki hafa komið nægjanlega vel á framfæri á æfingunni eða farið að velta fyrir sér eftir á.

## Gögn

- Viðbragðsáætlun MAST vegna alvarlegra sjúkdóma í dýrum.
- Viðbragðsáætlun Keldna vegna gruns um alvarlegan dýrasjúkdóm.

## Dagskrá

09:00 – 09:15 Inngangur: kynning á framkvæmd æfingar (stjórnandi æfingar)

09:15 – 10:00 VIÐ teymi kemur saman og tekur ákvörðun um aðgerðir og kallar inn þau sem það telur þörf á.

10:00 – 10:15 Almennar umræður (allir þátttakendur)

10:15 – 10:30 Hlé (kaffi/te/vatn, áriðandi tölvupóstar og símtöl)

10:30 – 11:30 VIÐ teymið heldur áfram störfum.

11:30 – 11:45 Almennar umræður og tillögur að úrbótum (allir þátttakendur)

11:45 – 11:55 Samantekt á umræðum og tillögum að úrbótum (ritarar)

11:55 – 12:00 Lokaorð (stjórnandi æfingar)

## Lýsing á tilfalli I – megin viðfangsefni æfingarinnar

Dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal hafði samband við sérgreinadýralækni gæludýra og lýsti fyrir henni einkennum í hundi sem ræktandi að stórri labradorræktun hafði komið á stofuna:

*Fyrir fimm dögum var komið með veikan 3 mánaða hvolp með háan hita, slappleika, lystarleysi, útferð úr augum og nefi, hósta og uppköst. Nýju eigendurnir höfðu verið á ferðalagi erlendis og farið af flugvellinum og sótt hvolpinn í ræktun á Reykjanesi. Hvolpurinn var því frekar nýkominn á heimilið þegar hann veiktist. Nú eru fleiri hvolpar á heimili ræktenda með hita en búið var að leggja inn hvolpinn sem veiktist fyrst vegna taugaeinkenna.*



Sérgreinadýralæknirinn hafði samband við ræktandann og Dýraspítalann til að fá nánari upplýsingar og gaf munnleg fyrirmæli um sóttvarnir.

Sérgreinadýralæknir kallar saman VIÐ-teymi MAST.

### Dagskrá fundar VIÐ-teymisins:

1. Ákveða hver skuli stjórna fundi og hver skuli skrifa minnispunkta.
2. Sérgreinadýralæknir gerir VIÐ-teyminu grein fyrir málinu.
3. Ákvörðun um hvort kalla eigi fleiri strax til liðs við teymið (frá MAST og Keldum).
4. Ákvörðun um hver skuli stofna mál í málakerfi og logbók fyrir málið.
5. Ræða um hver sjúkdómurinn geti verið.
6. Ákveða hverjum eigi að tilkynna um gruninn, hver tilkynnir hverjum og hvernig það skuli gert.
7. Sérgreinadýralæknir fer yfir hvaða sóttvarnaráðstafanir er þegar búið að gefa fyrirmæli um. Ákveða hvort gera þurfi meiri ráðstafanir.
8. Ákveða hvaða rannsóknir skuli gera og hvort Keldur geti gert þær eða þurfi að leita til annarrar rannsóknarstofu.
9. Ræða hvernig sýni skuli taka, hvers konar sýnatökubúnað þurfi og hvort hann sé til í umdæminu. Jafnframt hvaða rannsóknarbeiðni eigi að fylgja með sýnum og hvar hana er að finna.
10. Ræða hvaða sóttvarnaráðstafanir og sóttvarnabúnað þarf fyrir sýnatöku, frágang og flutning sýna, og hvort búnaðurinn sé til í umdæminu.
11. Ræða og taka ákvörðun um hvernig skuli farga hræjum.
12. Ræða hvaða upplýsinga þarf að afla til að rekja smitið og ákveða hver geri það.
13. Annað.

## Lýsing á tilfalli II – tekið fyrir ef tími vinnst til

Starfsmenn Matvælastofnunar fletta helstu fjölmiðlum með 10-kaffinu á föstudegi. Reka þá augun í blaðagrein í DV þar sem er nýlegt viðtal við kattareiganda og mynd af kisa með leðurblöku. Eigandi segir að kisi sem sé alger veiðikóngur hafi farið út að morgni og hafi komið inn með það sem eigandinn hélt fyrst að væri mús. Fannst þó músin eitthvað skrítin og heyrði hávær hljóð frá henni. Áttaði sig þá á að þetta væri leðurblaka. Hún setti hana í kassa en hún var sjáanlega særð og drapst áður en þau komust af stað til dýralæknis. Kisi var með smá sár á munnviki eftir baráttuna, en eigandinn hélt nú að það myndi gróa af sjálfu sér.



<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-09-08-thetta-er-ekkert-mus-heldur-ledurblaka>

### Tillaga að umræðupunktum:

- Hvað á eigandi að gera?
- Hvað myndi MAST gera?
- Hvað gera Keldur þegar MAST biður um rannsókn á leðurblökum?
- Hvað er gert við hræið?

## Lýsing á tilfalli III – tekið fyrir ef tími vinnst til

Sérgreinadýralæknir sauðfjár sendi inn saursýni úr hundum frá fjárbónda á Suðurlandi til Keldna þar sem það hafði fundist vöðvasullur í fé frá honum í sláturhúsi. Keldur senda svar til baka og hringja til öryggis að þeir hafi ekki bara fundið egg frá *Taenia ovis* heldur líka *Echinococcus multilocularis*. Í samtali við bóndann kemur fram að hann fór á vormánuðum í bændaferð til Svíþjóðar og var meðal annars boðið í veiðiferð á villisvínunum í skógum Svíþjóðar sem hann tók þátt í. Inntur eftir skóbúnaði og þrífum eftir heimkomu minntist hann þess nú ekki. Hann stundar refaveiðar heima í sínu héraði og viðurkenndi að hann leggi stundum út hræ til að lokka refinn.



### Tillaga að umræðupunktum:

- Hverjir eru helstu þættir í viðbrögðum MAST?
- Hverjir eru helstu þættir í viðbrögðum Keldna?

## Viðauki II – Fundargerð æfingar

Thelma kynnir æfinguna og útskýrir hvernig framkvæmdin verður.

Farið yfir hvernig VIÐ-teymið er kallað saman (Þóra).

Lýsing á tilfelli I – megin viðfangsefni æfingarinnar

Dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal hafði samband við sérgreinadýralækni gæludýra og lýsti fyrir henni einkennum í hundi sem ræktandi að stórri labradorræktun hafði komið á stofuna: Fyrir fimm dögum var komið með veikan 3 mánaða hvolp með háan hita, slappleika, lystarleysi, útferð úr augum og nefi, hósta og uppköst. Nýju eigendurnir höfðu verið á ferðalagi erlendis og farið af flugvellinum og sótt hvolpinn í ræktun á Reykjanesi. Hvolpurinn var því frekar nýkominn á heimilið þegar hann veiktist. Nú eru fleiri hvolpar á heimili ræktenda með hita en búið var að leggja inn hvolpinn sem veiktist fyrst vegna taugaeinkenna. Sérgreinadýralæknirinn hafði samband við ræktandann og Dýraspítalann til að fá nánari upplýsingar og gaf munnleg fyrirmæli um sóttvarnir. Sérgreinadýralæknir kallar saman VIÐ-teymi MAST.

### Fundur VIÐ-teymis

1. Ákveða hver skuli stjórna fundi og hver skuli skrifa minnispunkta.

Auður mun stjórna fundi VIÐ teymis, sem samanstendur af Auði sérgreinadýralækni faraldsfræði, Sigurborgu yfirdýralækni, Þóru sérgreinadýralækni gæludýra og Ellen héraðsdýralækni. Sigurborg verður ritari á fyrri hluta æfingarinnar en síðan tekur Auður við.

2. Sérgreinadýralæknir gerir VIÐ-teyminu grein fyrir málinu.

Sérgreinadýralæknir kynnir tilfellið og hefur áhyggjur. Það lítur út fyrir að um meira en venjulegan hótelhósta sé að ræða. Gæti verið t.d. hundainflúensa, smitandi lifrabólga eða hundafár. 4 hvolpar af 7 eru veikir, einhver smáeinkenni hjá fullorðnu hundunum. Bólusetningarbók móðurinnar finnst ekki, líklega 2 ár eða rúmlega það síðan hún var bólusett síðast. Gefin eru munnleg fyrirmæli um að takmarka umgang við veika hvolpa, sótthreinsa umhverfi þeirra og afhenda ekki fleiri hvolpa. Einnig að gæta ítrustu sóttvarna, fata og skóskipti.

Staðfest er að um er að ræða fyrsta hvolpinn (veikasti hvolpurinn) sem fór af heimilinu. 7 hvolpar alls, 3 eru veikir hjá ræktanda, 3 heilbrigðir. Veikasti hvolpurinn (sem kominn var til nýs eiganda) er kominn í innlögn á dýraspítala með taugaeinkenni. Eigendur hans voru að koma beint frá USA, þau skoðuðu og snertu alla hvolpana þegar þau komu og völdu hann.

Í versta falli hundafár eða hundainflúensa – besta lifrabólga. Líkur á útbreiðslu takmarkaðar nema ef um hundainflúensu er að ræða – þar sem margir hundar í landinu (2/3) eru bólusettir. Hafa þarf í huga að ef um hundainflúensu er að ræða er hættu á að hún geti borist í hross. Ekki von á taugaeinkennum eða einkennum frá meltingarvegi við inflúensu. Ekki er búið að taka blóðsýni úr hvolpunum.

Yfirdýralæknir spyr: Er málið á því stigi að það þurfi að tilkynna forstjóra eða ráðuneyti. Á að upplýsa aðra héraðsdýralækna á þessu stigi. Heyra í Keldum fyrst og bíða eftir niðurstöðum.

Ekki voru gerðar sérstakar sóttvarnaráðstafanir á dýraspítalanum í kjölfar fyrstu heimsóknar veikasta hvolpsins. Spurning um hversu margir hundar hafi komist í snertingu við mögulega sýkt umhverfi á spítalanum í kjölfar hennar.

3. Ákvörðun um hvort kalla eigi fleiri strax til liðs við teymið (frá MAST og Keldum).

Hafa samband við Keldur og fá hjá þeim upplýsingar um hvaða sýni er rétt að taka og hvað greining taki langan tíma.

4. Ákvörðun um hver skuli stofna mál í málakerfi og logbók fyrir málið.

Sérgreinadýralæknir stofnar málið og skráir í logbók. Málsnúmer 1232023.

5. Ræða um hver sjúkdómurinn geti verið.

Hringt var í Keldur og rætt við viðbragðsdýralækni. Málið kynnt og rætt hvaða mismunagreiningar koma til greina. Hundafár, hundainflúensa, lifrabólga, *Streptococcus zooepidemicus* eða *Leptospira*. Er hægt að útiloka fuglaflensu? Fulltrúi Keldna er Anna Karen sem kallar saman aðra dýralækna á Keldum á fund og verður svo í sambandi.

Áhættugreining – hundainflúensa – ekki bólusett gegn henni hérlendis og getur farið í hross, hundafár – flestir hundar bólusettir, sama gildir um lifrabólgu. Búið að gefa fyrirmæli um að halda hundunum í sóttkví og gæta sóttvarna. Nýi eigandinn fékk fyrirmæli um að gæta sóttvarna.

Taka sýni bæði fyrir veirur og bakteríulogiu.

6. Ákveða hverjum eigi að tilkynna um gruninn, hver tilkynnir hverjum og hvernig það skuli gert.

Tilkynna til annarra dýralækna þegar komnar eru niðurstöður frá Keldum – héraðsdýralæknir. Tilkynning til forstjóra og ráðuneytis – yfirdýralæknir. Fréttatilkynning á vef Mast – sérgreinadýralæknir faraldsfræði. Fjölmiðlar ef þörf er á.

7. Sérgreinadýralæknir fer yfir hvaða sóttvarnaráðstafanir er þegar búið að gefa fyrirmæli um. Ákveða hvort gera þurfi meiri ráðstafanir.

Smitrakning – framkvæmd af sérgreinadýralækni gæludýra og héraðsdýralækni umdæmisins. Komin munnleg fyrirmæli en einnig þarf að senda skrifleg. Búið að gefa fyrirmæli um sóttkví, bannað að afhenda fleiri hvolpa, sóttþreinsun og sóttvarnir. Nýi eigandinn fékk einnig fyrirmæli um sóttvarnir. Fá þarf upplýsingar um hvar þau voru í USA og tengsl við hunda og hvort einhverjir faraldrar voru í gangi meðal hunda á því svæði þar sem þau voru í USA.

Héraðsdýralæknir talar við dýraspítalann og fær faraldsfræðiupplýsingar frá þeim – einkenni hvolpsins, blóðsýni til að fá blóðmynd, sóttvarnir, hestaspítalinn. Fá skrá á dýraspítalanum hvaða dýr/fólk hafi mögulega verið í sambandi við hvolpinn á spítalanum. Hvernig með þrif og sóttþreinsun milli dýra, daga?

Sérgreinadýralæknir gæludýra hefur samband við ræktandann og nýja eigandann og fær faraldsfræðiupplýsingar frá þeim. Hefur ræktandinn farið á hundasýningu nýlega. Kom mikið af gestum að skoða hvolpinn? Kom fólk með hunda í heimsókn þessa daga frá því hvolpurinn kom og þar til hann fór í innlögn. Eru einhver tengsl við hross – eigendur nýja hvolpsins eða ræktendur.

Eyðublöð sérstaklega fyrir gæludýr ekki til – okkar eyðublöð á heimasíðu miðast út frá búfé. Sérgreinadýralæknir gæludýra er búin að útfæra eyðublað í tengslum við fyrri tilfelli sem hægt er að nota. Hún sendir það á héraðsdýralækni. Nota einnig almenn eyðublöð Mast s.s. Faraldsfræðieyðublöð 1 og 2, og Tilkynning til umsjónarmanns dýra. Þessi skjöl eru á heimasíðunni sem stuðningsskjöl við Viðbragðsáætlun.

Skrifleg fyrirmæli til nýs eiganda, ræktanda og dýraspítalans (tala við þann sem er í forsvari fyrir spítalann). Sóttvarnaleiðbeiningar. Ekki fara með dýrin á marga spítala – halda sig við sama dýraspítalann. Hvaða leiðbeiningar fyrir spítalann - einangra hvolpinn. Enginn samgangur milli gæludýraeiningarinnar og hrossaeiningarinnar. Sóttvarnir!!!

Hvað á að gera við hræ? Mast þarf að fá tilkynningu um hræ sem verða send á Keldur til krufningar. Upplýsingar um þetta þurfa að vera í fyrirmælunum.

Krufning – samráð við Keldur. Koma öllum hræjum á Keldur eins ferskum og hægt er. Réttar umbúðir um hræ, kæling. Geymsla – sóttvarnir. Brenna hræin.

## Almennar umræður

Í almennum umræðum komu fram eftirfarandi punktar:

- beint samband dýraspítalans við Keldur, beint samband við dýralækna í USA á því svæði sem fólkíð var á. Sérgreinadýralæknarnir benda á að gott væri að bæta dýralækni á dýraspítalanum inn í VIÐ-teymið. Báðar tregar til samskipta við dýralækna í USA – ekki hátt á forgangslista en gott að vita hvort einhverjir af þessum sjúkdómum séu að ganga sem faraldur á viðkomandi svæði.

– er hætta á frekari útbreiðslu – hverjir komu í heimsókn á heimili hvolpsins, hjá ræktanda, dýraspítala áður en hvolpurinn fór að sýna þessu miklu einkenni. Búið að ræða að athuga þetta á spítalanum – góð viðbót með nýja eigandann og ræktandann sérgreinadýralæknir gæludýra).

- eiga ræktandi, nýi hvolpaeigandi hross? Dýraspítalinn – tengsl milli dýralækna sem skoðuðu hvolpinn og hross í aðdraganda. Jafnvel þurfi að einangra hross þangað til niðurstaða liggur fyrir. Dýralæknir hrossasjúkdóma hefði átt að vera í VIÐ-teyminu. Getur haft afgerandi áhrif hvort verður faraldur í hrossum. Samsinnt af báðum sérgreinadýralæknum.

Sérgreinadýralæknir faraldsfræði útskýrir fyrir Keldum hvernig VIÐ-teymi Mast vinnur.



- Þrjár af mögulegum sjúkdómsgreiningum eru súnur. Benda fólkinu á að ef þau sjálf fara að fá flensueinkenni ættu þau að leita læknis og upplýsa hann um stöðu mála á dýrum heimilsins. Sérgreinadýralæknar sammála því að gott hefði verið að kalla inn dýralækni súna til þess að upplýsa. Ef það reynist svo að um er að ræða súnu sjúkdóm kemur dýralæknir súna inn og upplýsir Landlækni og fleiri. Sérgreinadýralæknir faraldsfræði stingur upp á að fá inn sérgreinadýralækni hrossa og súna fyrir fundinn með Keldum.

## Framhald á fundi VIÐ-teymis

8. Ákveða hvaða rannsóknir skuli gera og hvort Keldur geti gert þær eða þurfi að leita til annarrar rannsóknarstofu.

Umræða með dýralæknum Keldna. Fyrir flesta veirusjúkdómanna eru til PCR vísar á Keldum, þannig að fyrstu svör ættu að geta legið fljótt fyrir. Geta svarað samdægurs hvort um er að ræða influensu (4-5 tímar). Aðeins lengri tími liði áður en undirtýpur eru á hreinu. Hundafársrannsókn getur einnig farið fram á Keldum. Ekki í eins mikilli rútínu. Stroksýni úr öndunarfærum og augum fyrir veirur (kok og augu) og bakteríur(kok, augu og nef). Flutningsæti fyrir bakteríur. Blóðsýni skal taka sem EDTA og sermi.

Nýtt smitefni er að ganga í USA, pneumoveira sem myndi valda sömu einkennum. Til að skoða það þyrfti að senda sýnin á erlenda rannsóknastofu. Ef lífrabólga er inni í myndinni þarf að taka saursýni. Ekki ofarlega á lista. Leptospira er síður líkleg þar sem um er að ræða þessi öndunarfæraeinkenni. Og þau sýni yrði að senda út, og erfitt að staðfesta. Þvagsýni - ef á að skoða það á Keldum (lifandi bakteríur í þvagini) (fasakontrast má ekki vera langur ferðatími). Myndu senda öll sýni til SVA til staðfestingar.

9. Ræða hvernig sýni skuli taka, hvers konar sýnatökubúnað þurfi og hvort hann sé til í umdæminu. Jafnframt hvaða rannsóknarbeiðni eigi að fylgja með sýnum og hvar hana er að finna.

Sjá undir 8 hvernig sýni skuli taka. Biðja dýraspítalann um að greina hematologiu hjá sér. Fyrir önnur sýni þarf strokpinna, heilblóðglös fyrir sermi og EDTA blóðglös. Þessi búnaður er útrunninn hjá umdæminu. Myndi fara á næstu klinik og kaupa þennan búnað þar eða á heilsugæslu/sjúkrahúsi.

Á að taka sýni bæði hjá ræktanda og hjá spítalanum.? Dýraspítalinn gæti séð um sýnatöku úr hvolpinum sem er í innlögn. Keldur vill fá úr öllum veiku hvolpunum. Vanda útfyllingu á rannsóknarbeiðni, sú sem nota skal er merkt „grunur er um alvarlegan sjúkdóm“ og er ekki á heimasíðu Keldna. Þessi beiðni er ekki á ytri vef Mast, en á að vera til í öllum umdæmum. Eftirlitsdýralæknar taki sýni hjá ræktanda. Eina beiðni fyrir þetta tilfelli/sjúkdóm, Setja inn öll örmerki og passa vel uppá merkingu allra sýna.

Alvarleiki – Í viðbragðsáætlun Keldna er rauður, appelsínugulur, gulur. Sjúkdómarnir falla í mismunandi flokka eftir alvarleika. Umræður og ákvarðanatöku sameiginleg milli VIÐ-teymis og Keldna. Þarf að slípa betur saman viðbragðsáætlanir stofnananna.

Sérgreinadýralæknir hrossa leggur mikla áhersla á söfnun faraldsfræðilegra upplýsinga hratt og strax – varðandi hestatengingu. Hafa þetta á hreinu þegar niðurstaða liggur fyrir úr hundainflúensuprófi – 4-5 tímar. Finna þau hross sem mögulega eru í hættu. Það gæti kallað á einangrun hrossa, hesthúsa á meðan á þessum 5 tíma biðtíma stendur.

Ólíklegt en möguleiki. Þ.a.l. er ekki almenn upplýsing fyrr en jákvætt svar liggur fyrir. Ekki beinlínis grunur en varúðarráðstafanir strax.

10. Ræða hvaða sóttvarnaráðstafanir og sóttvarnabúnað þarf fyrir sýnatöku, frágang og flutning sýna, og hvort búnaðurinn sé til í umdæminu.

Komið fram áður hvaða sýnatökubúnaður er nauðsynlegur. Ef vantar skal hafa í huga að sýnatökubúnaður er til á Keldum. Heilsugæslustöðvar eiga yfirleitt til búnað bæði fyrir bakteríusýni og veirusýni ef á þarf að halda.

Pakka þannig að ytri umbúðir séu ómengaðar. Hræ pakkist í rakadrægar umbúðir og sendist strax til krufningar. Hræið látið kólna fyrir þökkun ef flytja þarf um langan veg. Hægt að setja í frost smástund fyrir hraða kólnun, innpakkaði rakadrægt. Öll sýni pakkist í rakadrægt, bæði stroksýni, blóðsýni og hræ, glös geta alltaf brotnað eða lekið.

11. Ræða og taka ákvörðun um hvernig skuli farga hræjum.

Brennsla. Getur ekki farið í sérbrennslu og aska ekki afhent.

12. Ræða hvaða upplýsinga þarf að afla til að rekja smitið og ákveða hver geri það.

Söfnun faraldsfræðiupplýsinga á hendi Þóru sérgreinadýralæknis og Ellenar héraðsdýralæknis. Rekja snertingu við aðra hunda og hesta. Fólk sem milliliður.

13. Annað

Verður yfirdýralæknir upplýstur sérstaklega. Logbók notuð. Hringt í yfirdýralækni ef nauðsyn ber til, t.d. ef tilkynna þarf málið til annarra. Yfirdýralæknir vill fá upplýsingar eftir fund með Keldum og við önnur kaflaskil í málinu.

## Almennar umræður

Spurt er hvað þarf að gera annað á meðan á fundum stendur? Dýraspítalinn þarf að vera upplýstur jafnóðum – dýralæknir dýraspítalans verði með í teyminu svo öruggt sé að sýnataka farist ekki fyrir vegna þess að hundurinn drapst á meðan á fundinum stendur. Svo ekki sé hent t.d. þvagsýni í bleyju undan hundinum, eða sýni misfarist. Háskólasjúkrahúsið í Flórída.

Fram kom:

Að unnið sé að söfnun faraldsfræðiupplýsinga á meðan á fundum stendur – fá upplýsingarnar strax inn í teymið. Kom fram að þetta er nú þegar á tékklista.

Við aðstæður eins og hér, ef um væri að ræða hundainflúensu er nauðsynlegt að grípa til varúðarráðstafana strax á meðan beðið er eftir niðurstöðum sýna. Meiri viðbrögð en minni til öryggis. Gerist strax – vinna að sýnatökum og söfnun faraldsfræðiupplýsinga samhliða fundi.



Öll akut sýnataka sett í gang. Fundað á meðan að sýnin eru keyrð.

Almennt er kallað eftir því að svörin við faraldsfræðisurningunum berist strax inn á fundi teymisins– því það breytir áherslunum.

Fá dýraspítalann til að taka öll sýni og senda strax– Keldur kalla svo eftir fleiri sýnum ef þörf er á. Fyrsti fundur VIÐ-teymis ½-1 klst – svör berist strax inn í teymið, það gerir alla vinnslu málsins markvissari.

**Atriði við æfinguna sem betur mættu fara:**

Feedback skortur – svörin þyrftu að koma inn jafnóðum og þau liggja fyrir.

Meira samband við dýraspítalann – fulltrúi þeirra í VIÐ-teyminu

Mistök að kalla ekki inn sérgreinadýralækna hrossa og súna í VIÐ-teymið.

Eyðublaðið sem Þóra útbjó fyrir sjúkdóma í gæludýrum þyrfti að komast í útgáfu og birta á sama stað og hin eyðublöðin sem stuðningsskjal Viðbragðsáætlunar.

## Viðauki III - Endurmatseyðublað

### Framkvæmd

1. Hvernig fannst þér úrlausn viðfangsefnisins ganga? Ef það gekk illa hvaða tillögur hefur þú að úrbótum?
2. Finnst þér þú hafa lært eitthvað af þátttöku í æfingunni? Ef ekki, vinsamlega útskýrðu nánar:
3. Hvernig fannst þér að vinna eftir viðbragðsáætlun Matvælastofnunar?
4. Hvernig fannst þér samræmi viðbragðsáætlunar Matvælastofnunar og viðbragðsáætlunar Keldna?
5. Hefur þú tillögur að úrbótum fyrir næstu æfingu?

### Uppsetning

6. Fannst þér tilgangur og markmið æfingarinnar vera skýr?  
Já \_\_\_ Nei \_\_\_ ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:
7. Fannst þér viðfangsefni æfingarinnar vera raunhæf?  
Já \_\_\_ Nei \_\_\_ ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:
8. Fannst þér tímalengd æfingarinnar vera hæfileg?  
Já \_\_\_ Nei \_\_\_ ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:
9. Hvað finnst þér um að sumir þátttakendur hafi takmarkað tækifæri til að tjá sig en séu samt með á æfingunni?
10. Hvað myndir þú vilja að væri tekið fyrir á næstu vinnustofu eða æfingu?
11. Annað sem þú vilt koma á framfæri: